

Kennarar: Rebekka Rós Reynisdóttir

Tímafjöldi: 4 tímar í viku

Kennslufyrirkomulag: Smiðjur hjá 1. – 3. bekk.

Sviðslistir
Með sviðslistum er átt við dans og leiklist en bæði eru þetta þættir sem gera nemendum kleift að tjá sig á annan hátt en með orðum. Dans örvar og þroskar líkamsvitund nemenda sem og líkamslæsi og hreyfigreind þeirra. Dansinn er mikilvæg leið til að hlúa að og örva hreyfi-, rýmisgreind og félagsþroska. Hann veitir nemendum aukið tækifæri til þroska og mennta. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Leiklist styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Hún reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun.

Sviðslistir			
Námspættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur:</i>	Leiðir:
Dans	<ul style="list-style-type: none"><li>- Tónlist</li><li>- Tónlistarleikir</li><li>- youtube</li><li>- spotify</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Geti hreyft sig frjálst og í takt við tónlist</li><li>- Geti tengt saman tónlist og hreyfingu í dansi</li><li>- Geti lært einföld dansspor</li><li>- Geti tekið tillit til samnemenda sinna í samstarfi</li><li>- Geti tekið þátt í skapandi dansi undir leiðsögn kennara</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>- Umræður</li><li>- Leikir</li><li>- Hópvinna</li><li>- Áhorf</li></ul>
Leiklist	<ul style="list-style-type: none"><li>- Spunaleikir</li><li>- Actionary</li><li>- tilfinningaspjöld</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>-Geti sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi á leiksýningu</li></ul>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Horft á leikrit</li> <li>- Búningar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>-Geti notað einfalda leikmuni</li> <li>-Geti beitt einföldu formi leiklistar</li> <li>-Þekki hvað býr að baki leiksýningu</li> <li>-Þekki og geti sagt frá helstu hugtökum tengdum leiklist s.s. leikari, hlutverk, höfundur o.fl.</li> </ul>	
--	---	--	--

Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti